

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, úti-istargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 49/1962. **Steingrímur Árnason**

gegn

Árna Böðvarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steingrímur Árnason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00, útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Árna Böðvarssyni, sem sótt hefur dómþing 3 sinnum og krefst nú ómaksbóta, kr. 1200.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1962.

Nr. 78/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Ólafi Þór Árnasyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarmál.

Dómur Hæstaréttar:

Jón Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins hafa vitnin Ármann Jakob Lárusson lögregluþjónn og héraðslögreglumennirnir Þormóður Ingi Pétursson og Hjálmar Húnfjörð Eypórsson komið fyrir rétt, gefið þar skýrslur og staðfest þær.

Það er réttilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að ákærði hefur gerzt sekur um brot á þeim lagaákvæðum, sem getur í ákæruskjali, en af því leiðir, að dæma verður hann til varðhaldsvistar, og þykir hún hæfilega ákveðin 10 dagar. Þá ber og að svipta hann ökuleyfi í eitt ár alls.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, að upphæð kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun til verjanda síns fyrir sama rétti, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Þór Árnason, sæti varðhaldi 10 daga. Hann er sviptur ökuleyfi í eitt ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 26. janúar 1962.

Mál þetta, sem þingfest var 19. þ. m. og tekið til dóms sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ólafi Þór Árnasyni bónda, að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi, fyrir meint brot, er talin eru falla undir 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi 6. júlí 1939, hefur hvorki sætt ákæru né refsingu áður, svo vitað sé.

Málsatvik eru þessi samkvæmt framburði vitna og viðurkenningu ákærða sjálfs.

Mánudaginn 7. ágúst 1961 voru löggæzlumennirnir Ármann J. Lárusson og Geir Bachman staddir á Norðurlandsbraut við afleggjarann heim að Laugarbakka í Miðfirði. Komu þar til þeirra héraðslögglumennirnir nr. 1 og nr. 3 og höfðu með sér ökumann bifreiðarinnar H 513, er þeir höfðu tekið úr bifreiðinni rétt hjá, þar sem löggæzlumennirnir voru staddir, og seldu hann í þeirra vörzlu, en ökumaðurinn hafði gert tilraun til flótt. Ökumaðurinn var ákærði, Ólafur Þór Árnason. Tóku löggæzlumennirnir ákærða með sér til Hvammstanga, þar sem héraðslæknir tók úr honum blóðsýni, en ákærði var áberandi ölvaður.

Við rannsókn á blóðsýninu í rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens fundust í því reducerandi efni, er samsvöruðu 1.72% af alkóhóli, en það er langt fyrir ofan það mark, er menn ekki lengur teljast færir um að aka bifreið.

Sá verknaður ákærða, að aka bifreið undir áhrifum áfengis, svo sem að ofan greinir, telst falla undir þau ákvæði laga, er greinir hér að framan og tekin eru upp úr ákæruskjali saksóknara ríkisins, og þykir refsing ákærða, sú er hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin með hliðsjón af efnahag hans og ástæðum 1500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og að svipta ákærða ökuleyfi hans í 4 mánuði. Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Dómsorð:

Ákærði í máli þessu, Ólafur Þór Árnason bóndi, að Þóreyjarnúpi í Kirkjuhvammshreppi innan Húnavatnssýslu, skal sæta 1500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ennfremur er hann sviptur ökuleyfi í 4 mánuði.

Svo greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.